



Punktur fyrir leikskólakennara/leiðbeinendur áður en lagt er af stað

Viðey er frábær staður til að njóta útiveru í einstöku umhverfi. Þar eru mörg útivistarsvæði, rík saga, fjörur, fuglalíf og útilistaverk. Viðey er friðlýst svæði og hluti af heimsókninni nýst um að læra að bera virðingu fyrir náttúrunni og gæta fyllsta öryggis. Nauðsynlegt er að klæða sig eftir veðri og hafa í huga að hvassara getur verið í eyinni en á landi. Þar er upplagt að fara í eflandi hópleiki og rannsóknaleiðangra.

>> Tenging við námskrá og fræðsluspjöld fyrir leikskóla

Við komuna í Viðey er hægt að fá lánuð fræðsluspjöld fyrir leikskólahópa sem er ætlað að veita innblástur og stuðning í heimsókn til eyjarinnar. Spjöldin er að finna í merktum kassa við vegamótin þegar gengið hefur verið framhjá Viðeyjarkirkju. Umræðupunkturarnir í þessu skjali eru góður undirbúningur fyrir notkun á fræðsluspjöldunum.



Samkvæmt *Aðalnámskrá leikskóla* er sköpun, sjálfbærni, heilbrigði og velferð meðal grunnþátta menntunar. Þar segir:

Frá fyrstu stundu beita börn ýmsum aðferðum við að kanna og reyna að skilja umhverfi sitt. Þau horfa, hlusta, snerta, bragða, handleika, flokka, bera saman, rannsaka og draga ályktanir. Ung börn læra í gagnvirkum samskiptum við umhverfi sitt. Byggja þarf á reynslu barna af umhverfinu og skapa aðstæður fyrir nýja merkingarbæra reynslu. Leggja skal áherslu á samhengi þeirra viðfangsefna sem unnið er með svo sem náttúru og samfélag, mismunandi náttúrufrýrbærni, vísindi og tækni.¹

Í heimsókn til Viðeyjar má auðveldlega leggja áherslu á athygli og skynjun, tengja við sköpun, hreyfingu og rannsókn á náttúrunni.

1 *Aðalnámskrá leikskóla 2011, bls. 30.*

umræðupunktur

Hér eru umræðupunktur sem kennarar og leiðbeinendur geta nýtt við undirbúning heimsóknar í Viðey. Feitletruð orð eru hugtök sem þarf mögulega að útskýra nánar eins og hæfir hverjum hópi.

Viðey er **náttúruparadís** sem þýðir að t.d. fuglum finnst gott að verpa í Viðey af því þar fá þeir að vera í friði og þar vaxa alls konar **jurtir**. Það býr enginn lengur í Viðey og nú er eyjan safn, hún er hluti af Borgarsögusafni Reykjavíkur. Öll náttúran í Viðey er **friðuð** og það þýðir að það má alls ekki slíta upp jurtir, trufla fuglana eða fíkta í eggjum.

Hvernig komumst við til Viðeyjar?

svar: Viðey er eyja og þangað kemst maður ekki á bíl eða gangandi af því að eyjan er umkringd sjó. Þangað þarf maður að sigla með **ferju!** Viðey er stærsta eyjan í nágrenni Reykjavíkur [hægt að skoða á korti ef vill].

Í **ferjunni** þarf að passa vel að fylgja öllum reglum og sitja alveg róleg(ur). Það tekur ekki langa stund að sigla til Viðeyjar, bara nokkrar mínútur en það þarf samt að passa vel upp á að allir séu **öruggir**.

Þegar komið er út í Viðey þarf að ganga dálitla stund á langri bryggju og upp stiga eða brekku. Stundum eru gæsir á staðnum og þá þarf maður að passa að stíga ekki í gæsaskítinn!

fuglar

Hvaða fuglar verpa í Viðey?

svar: Það **verpa** um 30 tegundir fugla í Viðey. Það þykir mjög mikið því að á öllu landinu verpa um 70 tegundir af fuglum.

Í Viðey er stærsta æðarvarp í Reykjavík. Það er því algengt að sjá æðarfugl í Viðey en þar sjást líka grágæsir, tjaldur, svartfugl, kríur, fýlar, hrossagaukar, sendlingar auk ólíkra tegunda máva.

Það er upplagt að skoða myndir af þessum fuglum áður en haldið er af stað út í eyju.

saga

Hvernig var Viðey í gamla daga?

svar: Í gamla daga bjó fullt af fólki í Viðey. Þar bjuggu bæði fullorðnir og börn en líka hestar, kýr, hundar og kettir. Nú á enginn heima í eyinni.

Viðeyjarstofa er fyrsta steinhús á Íslandi og var byggt árið 1755. Fyrsta fjölskyldan sem átti heima í húsinu var fjölskylda Skúla Magnússonar og Steinunnar Björnsdóttur. Þau áttu 7 börn. Þetta var fyrir meira en 260 árum og þau eru öll látin núna.

Skúli Magnússon (1711-1794) er stundum kallaður „**faðir Reykjavíkur**“ af því að hann stofnaði margar verksmiðjur (Innréttingarnar) sem reistar voru í Reykjavík og þá myndaðist fyrsta gatan í Reykjavík: Aðalstræti. Skúli er líka kallaður **Skúli fógeti** af því að hann var landfógeti Íslands.

Skúli lét líka reisa kirkjuna í Viðey sem er **næst elsta kirkja landsins**.

Einu sinni var líka starfræktur sumarleikskóli í eyjunni sem kallaðist **Barnaheimilið í Viðey**. Það var kona sem hét Bjarnfríður Einarsdóttir, ljósmóðir og hjúkrunarfræðingur, sem lagði mikið upp úr því tengja börn við friðsæla náttúru og frjálstan leik.

listaverk

Hvað er útilistaverk?

svar: Útilistaverk eru listaverk sem eru úti. Verk sem hægt er að sjá í göngutúrum, á hjóli, akandi um borgina, landið.

Í Viðey eru tvö útilistaverk: Friðarsúlan og Áfangar

Friðarsúlan eftir Yoko Ono er ljóssúla sem stígur upp úr eins eins konar „óskabrunni“. Á verkinu eru orðin „Hugsa sér frið“ á 24 tungumálum. Upp úr brunninum stígur ljóssúla sem kveikt er á 9. október ár hvert en það er fæðingardagur John Lennon sem var maðurinn hennar Yoko.

Listaverkið Áfangar eftir Richard Serra er á nokkrum stöðum á Vesturey, sem er vestasti hluti Viðeyjar. Verkið er búið til úr stuðlabergi.

>> **upplýsingar og ferjusiglingar**

Það er hægt að fá kort af eyjunni um borð í ferjunni og í afgreiðslu ferjunnar.

Hér má finna upplýsingar um aðstöðu í Viðey og skoða *Þrautaleik fyrir leikskólahópa* sem leikskólahópar getið fengið í eygni.

<http://borgarsogusafn.is/is/videy/fraedsla/leikskoli/aevintyraeyjan>

Hér má finna ítarefni um byggingar, sögu, náttúru, list og kort af Viðey

<http://borgarsogusafn.is/is/videy/um-videy>

Ferjusiglingar:

SUMAR

15. maí - 30. sept. siglt daglega.

Fyrsta sigling til Viðeyjar kl. 10:15. Síðasta sigling frá Viðey kl. 18:30.

VETUR

1. okt - 14. maí. Einungis siglt laugardaga og sunnudaga.

Fyrsta sigling til Viðeyjar kl. 13:15. Síðasta sigling frá Viðey kl. 16:30.

Nánari upplýsingar um ferjusiglingar eru hér:

<http://borgarsogusafn.is/is/videy/ferjan>